

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

*Skíðasvæðið í Bláfjöllum.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 23. nóvember 2021 breytingu á deiliskipulagi fyrir skíðasvæðin í Bláfjöllum. Í breytingunni felst að efri hluta byggingarreits nýrrar stólalyftu, Gosa við Suðurgil, verði hliðrað um 60-70 m til suðurs. Vegna færslu byggingarreits til suðurs færast röra- og rafdreifikerfi fyrir snjóframleiðslu samhliða. Neðri hluta byggingarreits nýrrar stólalyftu, Drottningar við Kóngsgil, verði hliðrað um 10 m til suðurs. Staðsetning hættumatslínu C vegna snjóflóða neðan Suðurgils verði uppfærð í samræmi við nýja legu línunnar frá Veðurstofu Íslands. Byggingarreit aðstöðuhúss Ulls verði hliðrað til suðurs um 30 m auk þess sem hann lengist um 15 m til vesturs. Vegna færslu byggingarreits til suðurs lengist bílastæði til suðurs að nýrri legu byggingarreits.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 13. desember 2021.*

**Auður D. Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. desember 2021